

Greinargerð um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða

Þingmál nr. 657 á 140. löggjafarþingi

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Samantekt tillagna trúnaðarmannahópsins.....	4
Samhengi hlutanna.....	5
1. 8. gr.....	6
1.1 40/60 -reglan.....	6
1.1.1 Athugasemd frá Birni Val Gíslasyni og Kristjáni L. Möller.....	6
2. 12. gr.....	6
2.1 3% klípan.....	7
2.1.1 Athugasemd frá Birni Val Gíslasyni og Kristjáni L. Möller.....	7
2.2 Stillimyndin.....	7
2.3 Allsherjarbann við framsali aflahlutdeilda eftir árið 2032.....	8
3. Hámarkshlutdeild.....	8
4. Rækju- og skelbætur.....	9
5. Kvótaping.....	9
5.1 Athugasemd frá Birni Val Gíslasyni og Kristjáni L. Möller.....	9
5.2 Athugasemd frá Einari K. Guðfinnssyni.....	9
5.3 Athugasemdir frá Sigurði Inga Jóhannssyni.....	10
6. Flutningur aflamarks milli kerfa.....	10
7. Áunninn réttur til að leigja frá sér aflamark.....	11
7.1 Athugasemd frá Birni Val Gíslasyni og Kristjáni L. Möller.....	11
7.2 Athugasemdir frá Einari K. Guðfinnssyni.....	11
8. Skýrsla ráðherra.....	12
9. Strandveiðar.....	12
9.1 Athugasemd frá Sigurði Inga Jóhannssyni.....	12
10. Nýtingarleyfi eða nýtingarsamningar?.....	12
10.1 Athugasemd frá Birni Val Gíslasyni og Kristjáni L. Möller.....	13
10.2 Athugasemd frá Einari K. Guðfinnssyni.....	13
10.3 Athugasemd frá Sigurði Inga Jóhannssyni.....	13
11. Aukning í flokki 2.....	13
11.1 Athugasemd frá Birni Val Gíslasyni og Kristjáni L. Möller.....	14
11.2 Athugasemd frá Einari K. Guðfinnssyni.....	14
11.3 Athugasemd frá Sigurði Inga Jóhannssyni.....	14
12. Almennar athugasemdir.....	15
12.1 Athugasemd frá Sigurði Inga Jóhannssyni.....	15

Niðurlag 16

Inngangur.

Hinn 18. júní 2012 undirrituðu formenn stjórnarflokkanna, Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og efnahags- og viðskiptaráðherra, *yfirlýsingu um afgreiðslu/meðferð sjávarútvegsfrumvarpa*. Í yfirlýsingunni kemur eftirfarandi m.a. fram: *„Trúnaðarmannahópur fulltrúa stjórnmalaflokkanna sem að undanfögnu hefur unnið með frumvarp um stjórn fiskveiða mun halda þeirri vinnu áfram og ljúka störfum með samantekt eða greinargerð. Hann mun byggja á þeim grunni, þ. á m. þeim hugmyndum um breytingar sem fyrir lágu þegar hlé varð á störfum hans í júní, sbr. eins og rakið er nánar í fylgiskjali. Jafnframt skal við þá vinnu hafa til hliðsjónar samspil upphæðar veiðigjalda og útfærslu á stjórn fiskveiða með það að markmiði að tryggja stöðugt lagaumhverfi fyrir stjórn fiskveiða til framtíðar. Náist samkomulag á þessum vettvangi mun það verða lagt til grundvallar framlagningu frumvarps um stjórn fiskveiða af hálfu stjórnarflokkanna á nýju þingi næsta haust.“*

Í þessari greinargerð gerir trúnaðarmannahópurinn grein fyrir vinnu sinni. Í henni eru helstu umræðuefni hópsins sett fram í sérstökum köflum. Undir lok hvers kafla er gerð grein fyrir niðurstöðum umræðna og sérstaklega dregið fram hvort þær hafa leitt af sér niðurstöður sem allir meðlimir hópsins geta fellt sig við eða hvort þær hafi leitt í ljós ágreining sem ekki tókst að jafna.

Á fundi atvinnuveganefndar 19. júní sl. lagði Þór Saari, 9. þingmaður Suðvesturkjördæmis og nefndarmaður í atvinnuveganefnd, eftirfarandi bókun fram fyrir hönd Hreyfingarinnar: *„Hreyfingin mótmælir því fyrirkomulagi við vinnu við frumvarp til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld (mál 657 og 658) að sk. trúnaðarmannahópur fulltrúa stjórnmalaflokka haldi áfram vinnu sinni og skili frá sér samantekt/greinargerð til grundvallar frekari vinnu við frumvarp um stjórn fiskveiða. Slíkur hópur hefur enga formlega stöðu samkvæmt þingsköpum Alþingis og það er óásættanlegt að vinna við þingmál fari fram með þessum hætti. Hreyfingin krefst þess að hópurinn sem samanstendur af fulltrúum í atvinnuveganefnd vinni að málinu með atvinnunefnd allri og að nefndin öll hafi beina aðkomu að öllum fundum og tillögum hópsins.“*

Enginn fulltrúi Hreyfingarinnar tók þar af leiðandi þátt í skrifum þessarar greinargerðar.

Samantekt tillagna trúnaðarmannahópsins.

Lagt er til að eftirtalin ákvæði frumvarpsins verði ekki í nýju frumvarpi sem fyrirhugað er að leggja fram á 141. löggjafarþingi:

- Ákvæði 2. mgr. 8. gr.
- Ákvæði 2. mgr. 12. gr. Þá verður að taka til endurskoðunar þau markmið sem liggja að baki ákvæðinu og stefna jafnframt að því að ganga eins skammt og hægt er í að setja hömlur á viðskipti með aflahlutdeild.
- Ákvæði 3. mgr. 12. gr.
- Ákvæði 4. mgr. 12. gr.

Aðrar tillögur:

- Lagt er til að 1. mgr. 31. gr. frumvarpsins verði með breyttu sniði í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða sem áætlanir eru um að leggja fram á 141. löggjafarþingi. Skýrt verði kveðið á um að ákvæði um hámarkshlutdeild gildi ekki um deilistofna eða nytjastofna sem veiðast einvörðungu utan eða jöfnum höndum utan og innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.
- Lagt er til að ekki verði dregið úr rækju- og skelbótum í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða sem áætlanir eru um að leggja fram á 141. löggjafarþingi nema fyrir liggja leiðir, aðgerðir eða úrræði sem telja má fullnægjandi til þess að bregðast við þeim vanda sem minnkandi innfjarðaveiði á skel og rækju hefur skapað.
- Lagt er til að í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða sem áætlanir eru um að leggja fram á 141. löggjafarþingi verði ekki ákvæði sem sé að efni í samræmi við lokamálslið 2. mgr. 16. gr. frumvarpsins. Þess í stað verði heimildir til flutnings aflamarks milli almenna aflamarkskerfisins og krókaafلامarkskerfisins að endurspegla reglur núgildandi fiskveiðistjórnarlaga þannig að áfram verði aðeins heimilt að flytja almenna aflahlutdeild og aflamark frá aflamarksskipum til krókaafلامarksskipa en ekki öfugt.
- Lagt er til að í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða sem áætlanir eru um að leggja fram á 141. löggjafarþingi verði ekki ákvæði sem að efni samræmist 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins.
- Lagt er til að í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða sem áætlanir eru um að leggja fram á 141. löggjafarþingi verði kveðið á um að skýrslugjöf og framlagning þingsályktunartillögu um hlutfallslega skiptingu árlegs aflamarks skuli fara fram á tveggja ára fresti. Einnig verði kveðið á um að tillöguframlagningin og skýrslugjöfin skuli fara fram við upphaf fyrsta starfsárs hvernar ríkisstjórnar.

Samhengi hlutanna.

Allt frá byrjun lágu ákveðnar hugmyndir til grundvallar vinnu trúnaðarmannahópsins. Þær gegndu hlutverki upphafsreits vinnunnar. Í stuttu máli fólu þessar hugmyndir í sér að felld yrðu brott nokkur frumvarpsákvæði sem umsagnaraðilar og sérfræðingar töldu mundu hafa neikvæð áhrif á íslenskan sjávarútveg fengju þau lagagildi. Á móti yrði reynt að mæta þeim markmiðum sem að baki ákvæðunum lágu með öðrum hætti.

Hópurinn lagði upp með að fjalla ekki um efni hverrar einstakrar greinar frumvarpsins heldur aðeins um helstu ágreiningsefnin og stærstu athugasemdir sérfræðinga, t.a.m. Daða Más Kristóferssonar og Stefáns B. Gunnlaugssonar sem unnu fyrir atvinnuveganefnd Alþingis, og gagnrýni sem kom fram í umsögnum umsagnaraðila, t.d. Alþýðusambands Íslands, hagsmunaaðila í sjávarútvegi, sveitarfélaga, endurskoðendafyrirtækja, fjármálafyrirtækja og fleiri.

Vinna hópsins fór ekki fram í tómarúmi. Hluti af fundum hópsins fór í að fjalla um frumvarp til laga um veiðigjöld sem Alþingi samþykkti sem lög 19. júní sl. eftir talsverðar umræður. Til þess verður einnig að líta að efnisatriði *yfirlýsingar um afgreiðslu/meðferð sjávarútvegsfrumvarpa* fjalla jöfnum höndum um einstök atriði þess frumvarps sem trúnaðarmannahópurinn gerir hér grein fyrir og atriði frumvarps til laga um veiðigjöld. Í ljósi þessa er ekki nægilegt að horfa til efnis framangreindrar yfirlýsingar við skoðun á umfjöllun og niðurstöðum trúnaðarmannahópsins heldur er jafnframt nauðsynlegt að horfa til efnis og líklegra áhrifa ákvæða laga um veiðigjöld.

1. 8. gr.

Í 8. gr. frumvarpsins er fjallað um úthlutun aflamarks til handhafa aflahlutdeilda. Í 1. mgr. hennar er fjallað um skyldu ráðherra til að skipta þegar ákveðnum heildarafla í tvo flokka, annars vegar flokk aflahlutdeilda og krókaaflahlutdeilda á grundvelli nýtingarleyfis og hins vegar flokk annarra aflahlutdeilda.

1.1 40/60 -reglan.

Í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er lagt til að kveðið verði á um að í þeim tilvikum þegar heildarafla þorsks tiltekið fiskveiðiár, samkvæmt ákvörðun ráðherra, nemur meira en 202.000 lestum, heildarafla fyrir ýsu meira en 66.000 lestum, fyrir ufsa meira en 50.000 lestum eða fyrir steinbít meira en 14.000 lestum skuli 60% þess aflamarks sem er umfram þessi mörk renna til flokks 1 og 40% til flokks 2.

Við meðferð málsins í atvinnuveganefnd bentu margir á að í raun fæli frumvarpsgreinin í sér skerðingu á aflahlutdeild handhafa aflahlutdeildar og krókaaflahlutdeildar. Í greinargerð Daða Más Kristóferssonar og Stefáns B. Gunnlaugssonar¹ kemur t.d. fram að þeir telji að reglan muni leiða til mikils breytileika í stærð leiguhluta aflaheimilda ár frá ári og því kunni að verða erfitt að reka útgerð sem byggist eingöngu á leigu. Sérfræðingarnir telja jafnvel að viðbótaraflamark í flokk 2 verði mjög sveiflukennt. Því sé ólíklegt að reglan styrki markmið frumvarpsins, t.d. þegar kemur að nýliðun og árangursríkum byggðaaðgerðum, enda verði aðeins hægt að úthluta þessum heimildum til eins árs í senn.² Þá hefur verið bent á að ósannngjarnt sé að þeir sem taka á sig skerðingar aflaheimilda njóti þess ekki að fullu þegar betur árar í lífríkinu og að þessi ósannngirni kunni að vinna gegn hvötum til góðrar umgengni um nytjastofnana.

Í ljósi alls framangreinds leggur trúnaðarmannahópurinn til að ákvæði 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins verði ekki í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða sem áætlanir eru um að leggja fram á 141. löggjafarþingi.

1.1.1 Athugasemd frá Birni Val Gíslasyni og Kristjáni L. Möller.

Við erum sammála öðrum meðlimum trúnaðarmannahópsins um tillöguna sem hér hefur verið sett fram. Sammælið er engu að síður háð því að þau markmið sem liggja að baki 40/60-reglunni verði útfærð í nýju frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða þannig að upphafsstaða flokks 2, annarrar aflahlutdeildar, verði nægilega stór til að tryggt verði að téð markmið nái fram að ganga.

2. 12. gr.

Í 12. gr. frumvarpsins er fjallað um framsal aflahlutdeilda. Þar er lagt til að framsal aflahlutdeilda verði gert óheimilt nema að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Þessi skilyrði eru svo talin upp í fjórum töluliðum 1. mgr. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir skerðingu aflahlutdeildar við aðilaskipti að fiskiskipi eða flutning aflahlutdeilda milli skipa. Í 3. mgr. er sett þak á framsal hlutdeilda einstakra fisktegunda. Að lokum er í 4. mgr. gert ráð fyrir því að fella allar heimildir til framsals niður við upphaf fiskveiðiársins 2032.

¹ Sérfræðihópur skipaður af atvinnuveganefnd Alþingis: *Greinargerð um efnahagslegar og byggðalegar afleiðingar samþykktar 657. þingmáls, lög um stjórn fiskveiða, og 658. þingmáls, veiðigjöld*. Bls. 7–8.

² *Ibid.*, bls. 33.

2.1 3% klípan.

Í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er lagt til að við aðilaskipti að fiskiskipi eða flutning aflahlutdeilda milli skipa verði aflahlutdeild viðkomandi fiskiskips skert um 3% og hinni skertu hlutdeild ráðstafað varanlega í aflahlutdeildarflokk 2, aðrar aflahlutdeildir en hlutdeildir samkvæmt nýtingarsamningum.

Í umfjöllun atvinnuveganefndar og umsögnum sem nefndinni bárust um málið kom fram nokkuð mikil gagnrýni á ákvæðið. Var m.a. vísað til þess að „slíkar skerðingar haf[i] tilhneigingu til að draga úr umfangi ábatasamra viðskipta, hægja á eðlilegri hagræðingu í veiðum og skap[i] hvata til þess að menn leiti hjáleiða til að komast hjá greiðslu gjaldsins. Allt er þetta líklegt til að draga úr hagkvæmni útgerðar til lengri tíma.“³ Einnig kom fram við umfjöllun nefndarinnar að óljóst væri hvenær um *flutning* eða *aðilaskipti* væri að ræða, t.d. hvort slíkt ætti sér stað við sölu á eignarhlutum í sjávarútvegsfyrirtækjum.

Að mati trúnaðarmannahópsins ber að virða þau varnaðarorð sem komið hafa fram vegna mögulegra áhrifa klípunnar. Í ljósi þess leggur trúnaðarmannahópurinn til að ákvæði 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins verði ekki í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða sem áætlanir eru um að leggja fram á 141. löggjafarþingi. Þá telur hópurinn að taka verði til endurskoðunar þau markmið sem liggja að baki ákvæðinu og stefna jafnframt að því að ganga eins skammt og hægt er í að setja hömlur á viðskipti með aflahlutdeild.

2.1.1 Athugasemd frá Birni Val Gíslasyni og Kristjáni L. Möller.

Við erum sammála öðrum meðlimum trúnaðarmannahópsins um tillöguna sem hér hefur verið sett fram. Það er hins vegar háð því að þau markmið sem liggja að baki 3% klípunni verði útfærð þannig í nýju frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða að tryggt verði að upphafsstaða flokks 2, annarra aflahlutdeilda, verði nægilega stór til að téð markmið nái fram að ganga.

2.2 Stillimyndin.

Hin svokallaða stillimynd kemur fram í 3. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Þar er lagt til að þak verði sett á heimild til framsals aflahlutdeildar einstakra tegunda. Gert er ráð fyrir að þakið verði margfeldi tiltekins hlutfalls með aflahlutdeild skips í ákveðinni tegund. Hlutfallið skal fundið út með því að reikna hlutfall heildaraflamarks í viðkomandi tegund eins og því var úthlutað fiskveiðiárið 2011/2012 og heildaraflamarks í tegund á því ári þegar framsal fer fram. Í raun og veru felst því í stillimyndinni að aðeins verður heimilt að framselja hlutdeild að því marki sem handhöfn hennar skilar sama aflamagni og mögulegt var að veiða á grundvelli hennar fiskveiðiárið 2011/2012. Það þýðir að framsalsmöguleikar hlutdeildarhafa skerðast hlutfallslega sem nemur þeirri aukningu sem hugsanlega kann að verða á heildarafla. Á einfaldaðan hátt má því segja að eftir því sem aflahlutdeildir skila handhafa sínum réttindum til veiða á meiri afla minnki hlutfallslega möguleikar hans á að deila aflahlutdeildum með öðrum.

Heimildir til framsals aflaheimilda eru umdeildar. Annars vegar hefur því verið haldið fram að framsalið sé forsenda hagræðingar í sjávarútvegi auk þess sem það opni aðgang að greininni. Hins vegar er bent á að það valdi kostnaði, auki skuldir og hafi kippt fótunum undan sjávarútvegi í einstökum byggðum.

Að mati trúnaðarmannahópsins er eðilegt að handhafar veiðiréttar nýti hann sem mest sjálfir.

³ Ibid.: bls. 33.

Hætta er á að stillimyndin dragi úr hreyfanleika aflahlutdeilda og þar með möguleikum útgerðarmanna til hagræðingar. Slíkt kann að reynast bagalegt og þá sérstaklega í þeim tilvikum þegar útgerðarmenn vilja hætta útgerð sem aftur kann að skapa öðrum útgerðarmönnum tækifæri til hagræðingar eða nýliðum til innkomu eða eflingar sinna útgerða. Einnig var bent á að þetta kynni að stuðla að frekari samþjöppun í sjávarútvegi. Þá kann framkvæmd stillimyndarinnar að verða flókin þegar fram í sækir og því torvelt að framfylgja ákvæðinu. Af þessum sökum leggur trúnaðarmannahópurinn til að ákvæði 3. mgr. 12. gr. frumvarpsins verði ekki í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða sem áætlanir eru um að leggja fram á 141. löggjafarþingi.

2.3 Allsherjarbann við framsali aflahlutdeilda eftir árið 2032.

Í lokamálgrein 12. gr. frumvarpsins er lagt til að heimildir frumvarpsgreinarinnar til framsals aflahlutdeilda falli niður við upphaf fiskveiðiársins 2032.

Fæstir umsagnaraðila og sérfræðinga sem komu fyrir atvinnuveganefnd Alþingis treystu sér til að leggja mat á hvaða áhrif ákvæðið myndi hafa á efnahag útgerðarfyrirtækja til skemmri tíma. Nokkrir töldu þó að áhrifin til lengri tíma litið yrðu neikvæð, annars vegar þar sem ákvæðið boði endalok framsals aflahlutdeilda og þar með falli jákvæðir fylgifiskar þess niður. Hins vegar feli ákvæðið í sér endapunkt en erfitt kunni að verða að spá fyrir um afleiðingar hans.

Í þessu ljósi leggur trúnaðarmannahópurinn til að ákvæði 4. mgr. 12. gr. frumvarpsins verði ekki í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða sem áætlanir eru um að leggja fram á 141. löggjafarþingi.

3. Hámarkshlutdeild.

Á fundum trúnaðarmannahópsins komu fram athugasemdir við VIII. kafla frumvarpsins sem snýst um hámarkshlutdeild, yfirráð og tengda aðila. Í 31. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að einstökum aðilum eða tengdum aðilum, einstaklingum sem lögaðilum, verði ekki heimilað að eiga meira en sem nemi tilteknu hlutfalli aflahlutdeilda í tilteknum fisktegundum.

Efni frumvarpsgreinarinnar sækir fyrirmynd sína í 13. gr. gildandi fiskveiðistjórnarlaga og eru greinarnar nánast samhljóða eins og fram kemur í athugasemdum frumvarpsins. Vakin var athygli á að frumvarpinu væri ætlað að steypa saman nokkrum lagabálkum á sviði fiskveiða, þ.e. lögum um stjórn fiskveiða, lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, lög um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum og lög um samræmda vinnslu sjávarafra og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum. Þá var bent á að eitt um hámarkshlutdeild kynni að leiða til þess að einhverjar útgerðir sem ættu aflaheimildir bæði innan og utan íslenskrar lögsögu myndu lenda fyrir ofan hámarkið strax við gildistöku. Sömu aðilar töldu líklegt að slíkt leiddi til þess að útgerðarmenn seldu aflaheimildir utan lögsögunnar þar sem mun kostnaðarsamara er að halda til veiða þar en innan lögsögunnar. Þá fylgi sókn í nýttjastofna innan lögsögunnar minni áhætta.

Trúnaðarmannahópurinn vekur athygli á að í bráðabirgðaákvæði III í frumvarpinu er lagt til að ráðherra setji á fót nefnd til að gera tillögur að endurskoðun ákvæða um hámarkshlutdeild, yfirráð og tengda aðila.

Í ljósi framangreinds leggur trúnaðarmannahópurinn til að 1. mgr. 31. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að skýrt verði kveðið á um að ákvæði um hámarkshlutdeild gildi ekki um deilistofna eða nýttjastofna sem veiðast einvörðungu utan eða jöfnum höndum utan og innan

Íslenskrar fiskveiðilögsögu. Er það mat trúnaðarmannahópsins að með því móti verði hvatningu til sóknar í veiðar utan íslensku fiskveiðilögsögunnar viðhaldið.

4. Rækju- og skelbætur.

Af frumvarpinu má sjá að lagt er til að verulega verði dregið úr því aflamagni sem ætlunin er að ráðstafa í rækju- og skelbætur. Við málsmeðferð atvinnuveganefndar kom fram nokkuð sterk andstaða við þau áform sérstaklega frá fulltrúum útgerða og sveitarfélaga á Vesturlandi og Vestfjörðum.

Mat trúnaðarmannahópsins er að sá samdráttur sem lagður er til sé líklegur til þess að hafa í för með sér veruleg og staðbundin áhrif. Ýmis byggðarlög og einstök fyrirtæki urðu fyrir gríðarlegum búsigjum þegar innfjarðarveiði á skel og rækju lagðist af. Afnáam rækju- og skelbóta gæti því haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Af framangreindum sökum leggur trúnaðarmannahópurinn til að ekki verði dregið úr rækju- og skelbótum í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða sem áætlanir eru um að leggja fram á 141. löggjafarþingi fyrr en fyrir liggja leiðir, aðgerðir eða úrræði sem telja má fullnægjandi til þess að bregðast við þeim vanda sem minnkandi innfjarðarveiði á skel og rækju hefur skapað. Benda má á að gildandi fiskveiðistjórnarlög gera ráð fyrir lækkingu eða afnámi rækju- og skelbóta hefjist slíkar veiðar að nýju.

5. Kvótaþing.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um kvótaþing. Því er ætlað að gegna hlutverki markaðar fyrir aflamark. Gert er ráð fyrir að Fiskistofa reki kvótaþingið og annist umsýslu með því.

Að mati Daða Más Kristóferssonar og Stefáns B. Gunnlaugssonar mun svokallaður leigupottur skapa ríkissjóði tekjur auk þess sem hann getur aukið sveigjanleika veiða innan aflamarkskerfisins þar sem sjá má fyrir að leigumarkaður fyrir aflaheimildir dýpki. Mat þeirra að slíkt geti stutt við nýliðun í sjávarútvegi. Allt þetta telja þeir þó háð því að kvótaþing starfi með eðlilegum hætti, án pólitískra afskipta. Slíkt fyrirkomulag telja þeir þess umkomu að auka skilvirkni í viðskiptum með aflaheimildir og draga úr kostnaði við slík viðskipti. Þó benda þeir á ýmsa galla þess fyrirkomulags sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Ekki náðist samkomulag milli meðlima trúnaðarmannahópsins um einstaka þætti kvótaþingsins.

5.1 Athugasemd frá Birni Val Gíslasyni og Kristjáni L. Möller.

Við styðjum þau ákvæði frumvarpsins þar sem fjallað er um kvótaþingið og fyrirkomulag þess. Við teljum jafnframt nauðsynlegt að það aflamark sem ráðstafað verður í gegnum kvótaþingið nemi 20.000 þorskígildum. Með því móti teljum við auknar líkur á því að markmið frumvarpsins um að treysta atvinnu og byggð náist auk þess sem tækifæri nýliða í sjávarútvegi eflast. Þá teljum við að hæfilega djúpur leiguhluti og öflugur leigumarkaður kunni að auka sveigjanleika þeirra sem þegar starfa við útgerð.

5.2 Athugasemd frá Einari K. Guðfinnssyni.

Mjög skiptar skoðanir eru um reynsluna af kvótaþingi fyrri ára. Til dæmis er ljóst að með tilkomu þess er úr sögunni sá möguleiki að útgerðarmenn innan einstakra byggðarlaga geti átt með sér viðskipti með aflaheimildir og tryggt að þær verði áfram nýttar í heimabyggð. Þá eru með frumvarpinu stóru auknar tilfærslur sem aftur munu skerða veiðirétt og þar með tekjur og afkomu starfandi útgerða. Leigufyrirkomulagið er óútfært, það býður upp á mismunun og útlit er fyrir að stórfellt valdaframsal fari fram, þar sem framkvæmdavaldið að

fái að ráðskast með aflaheimildir á grundvelli opinna heimilda frumvarpsins. Því er eðlilegast að falla frá hugmyndinni um kvótapiing og stórfelldar aflatilfærslur sem frumvarpið boðar að þessu leyti. Ástæða er til að undirstrika nauðsyn þess að lög tryggi að veiðiréttarhafar greiði hlutfallslega jafnt, á grundvelli þorskígilda, inn í þá tilfærslupotta sem löggjöfin mun heimila. Slíkt er óhjákvæmilegt í ljósi þeirrar miklu aukningar á aflamagni í flokki 2 sem frumvarpið boðar.

5.3 Athugasemdir frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

Ég tel vel koma til greina að koma kvótapiingi á fót (endurvekja það) sem vettvangi útgerðaraðila til þeirrar verslunar með aflaheimildir sem ekki telst til beinna skipta. Kostir þess gætu m.a. orðið gegnsæ viðskipti og raunhæfari verðmyndun á markaði. Ljóst er að leggja þarf áherslu á mikinn sveigjanleika þannig að stuðlað verði að bættri nýtingu aflaheimilda og áframhaldandi hagræðingu í sjávarútvegi.

Í frumvarpinu tel ég felast áform um „leigupott ríkisins“ sem mér hugnast ekki. Mat mitt og míns flokks er að nýting sjávarauðlindarinnar verði betri, þ.e. þjóðhagslegur ábati verði meiri, verði aflaheimildum sem lagt er til að ríkið úthluti um kvótapiing úthlutað beint til núverandi handhafa aflahlutdeildar.

Að auki geri ég fyrirvara við það háa stig valdframsals til ráðherra sem fram kemur í frumvarpinu. Reynslan sýnir að slíkt skapar hættu á pólitískri ákvarðanatöku þegar kemur að ráðstöfun leiguheimilda. Tek ég heilshugar undir áhyggjur og gagnrýni ýmissa aðila þess þess efnis að „leigupottur ríkisins“ sé ólíklegur til að stuðla að nýliðun og styrkja veikar byggðir.

Komist hugmyndir um „leigupottinn“ til framkvæmda er ég einnig hræddur um að hann muni stækka smátt og smátt m.a. fyrir áhrif þrýstings hagsmunahópa.

Í þessu ljósi ítreka ég þá skoðun mína og míns flokks að aðrar leiðir séu betur til þess fallnar að ná þeim markmiðum sem liggja frumvarpinu til grundvallar.

6. Flutningur aflamarks milli kerfa.

Í 16. gr. frumvarpsins er fjallað um krókaafلامarksskip. Þar eru settar fram þær grundvallarreglur sem lagt er til að gildi um nýtingu og flutning krókaafلامarks.

Í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er lagt til að kveðið verði á um að krókaafلامlutdeild verði aðeins flutt til skips sem hefur veiðileyfi með krókaafلامarki og að aflahlutdeild skipa sem hafa veiðileyfi með aflamarki verði ekki flutt á skip sem hafa veiðileyfi með krókaafلامarki. Þá er tekið fram að sama regla skuli gilda um aflamark að breyttu breytanda.

Nokkrir umsagnaraðilar gerðu athugasemdir við að lagt væri til að framsalsheimildir milli aflamarksskipa og krókabáta yrðu afnumdar. Kom m.a. fram á fundi nefndarinnar að slíkar heimildir hefðu nýst vel þegar ýsa tók að leita inn á grunnslóð þar sem krókabátar áttu auðveldara með að athafna sig en stærri skip og bátar. Einnig var á það bent að við upptöku krókaafلامarkerskerfis hefði verið gert ráð fyrir þeim skorðum á útgerð báta innan þess að þeim væri einvörðungu heimilt að veiða á línu og handfæri. Á móti kæmi að þeir fengju heimildir til þess að leigja til sín og kaupa varanlega aflaheimildir úr aflamarkerskerfinu, en ekki öfugt. Þannig væri líka stuðlað að tryggja rekstrarumhverfi þessara báta.

Í þeim tilgangi að koma til móts við röksemdir umsagnaraðila leggur trúnaðar-mannahópurinn til að í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða sem áætlanir eru um að leggja fram á 141. löggjafarþingi verði ekki ákvæði sem sé að efni í samræmi við lokamálslið 2. mgr. 16. gr. frumvarpsins. Þess í stað verði heimildir til flutnings aflamarks milli almenna aflamarkerskerfisins og krókaafلامarkerskerfisins að endurspegla reglur núgildandi

fiskveiðistjórnarlaga þannig að áfram verði aðeins heimilt að flytja almenna aflahlutdeild og aflamark frá aflamarksskipum til krókaaflamarksskipa en ekki öfugt.

7. Áunninn réttur til að leigja frá sér aflamark.

Í 15. gr. frumvarpsins er fjallað um flutning aflamarks á annað fiskiskip og sölu þess á kvótaþingi. Af lestri greinarinnar má sjá að gert er ráð fyrir að sala aflamarks á kvótaþingi sé aðeins heimil gegn leyfi Fiskistofu til sölunnar. Þá er gert ráð fyrir að leyfisveiting stofnunarinnar verði bundin við að a.m.k. annað tveggja skilyrða hafi verið uppfyllt. Annars vegar að aflamarkið nemi minna en 5% úthlutaðs aflamarks til skipsins í upphafi fiskveiðiárs. Hins vegar að aflamarkið nemi eigi meira en þriðjungur þess aflamarks sem skip hefur nýtt á hverjum tíma í þorskígildum talið.

Á fundi trúnaðarmannahópsins komu fram ábendingar þess efnis að hætta gæti verið á að síðarnefnda skilyrðið yrði til þess að framboð aflamarks á kvótaþingi yrði of lítið framan af ári en myndi aukast verulega undir lok þess. Hætta væri á að slík staða ylli röskun í verðmyndun aflamarks, verð héldist hátt framan af ári en lækkaði eftir því sem á það liði vegna mikils framboðs. Enn fremur gæti skilyrðið leitt til þess að ekki væri hægt að nýta aflaheimildir með skynsamlegum hætti þar sem nægjanlegt magn leigukvóta yrði ekki til staðar fyrri hluta fiskveiðiársins. Þá komu einnig fram áhyggjur af því að ákvæðið kynni að leiða til þess að þeir útgerðarmenn sem hygðu á öflun fjár með leigu aflamarks freistuðust til þess að veiða mikið magn snemma árs og með því yrði rekstur þeirra e.t.v. óhagkvæmari.

Sú hugmynd kom fram að brugðist yrði við vandamálinu með því að hækka aflamarkshluta fyrri skilyrðisins úr 5% í 12,5% enda væri útgerðarmönnum með því gefið aukið rými til sölu aflamarks strax við upphaf fiskveiðiárs.

Mat trúnaðarmannahópsins er að með hækkun hámarksprósentu skv. 1. tölul. 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins væri vissulega stigið skref í rétta átt og svigrúm útgerða aukið. Engu að síður telur hópurinn að með slíkri aðgerð væri ekki gengið nægilega langt. Nær væri að útfæra söluheimild málgreinarinnar á þann veg að á handhöfum aflamarks hvíldi veiðiskylda, t.d. þannig að handhafa aflamarks væri aðeins heimilt að framselja 25% aflamarksins. Ljóst er að slík verða raunveruleg áhrif frumvarpsákvæðisins þegar upp er staðið. Þannig væri handhöfum aflamarks ljóst frá fyrsta degi fiskveiðiárs hvert svigrúm þeirra væri til sölu eða skipta á aflamarki enda heimildin að fullu til staðar á þeim tímapunkti. Með því væri náð með öðrum hætti því markmiði sem frumvarpið kveður á um.

Í ljósi framangreinds leggur trúnaðarmannahópurinn til að í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða sem áætlanir eru um að leggja fram á 141. löggjafarþingi verði ekki ákvæði sem að efni samræmist 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins.

7.1 Athugasemd frá Birni Val Gíslasyni og Kristjáni L. Möller.

Við teljum eðlilegt að í stað ákvæðis 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins komi ákvæði um 75% veiðiskyldu handhafa aflamarks. Þá kann að vera eðlilegt að gefa nokkurn aðlögunartíma vegna þessarar breytingar.

7.2 Athugasemdir frá Einari K. Guðfinnssyni.

Þó að ég sé sammála öðrum meðlimum trúnaðarmannahópsins um að rétt sé að útfæra skilyrði 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins þannig að handhöfum aflamarks verði aðeins heimilt að framselja 25% þess á hverju fiskveiðiári tel ég villandi að ræða um veiðiskyldu í þessu samhengi. Enda væri með slíku ákvæði aðeins verið að fjalla um rétt til að leigja frá sér aflaheimildir en ekki skyldu til nokkurra athafna.

Í ljósi þess að margar útgerðir eru háðar leiguviðskiptum með kvóta legg ég áherslu á að veittur verði a.m.k. þriggja ára aðlögunarfestur að fullri gildistöku takmörkunar á heimild til að framselja aflamark miðað við 25% hvert fiskveiðiár.

8. Skýrsla ráðherra.

Samkvæmt lokamálgrein 18. gr. frumvarpsins er lagt til að ráðherra verði gert að leggja skýrslu fyrir Alþingi á þriggja ára fresti þar sem fjallað verði um meðferð og ráðstöfun aflaheimilda í flokki 2 ásamt þingsályktunartillögu um hlutfallslega skiptingu árlegs aflamarks sem kemur til ráðstöfunar í flokki 2.

Mat trúnaðarmannahópsins er að slík skýrslugjöf og framlagning ályktunar ætti að vera tíðari. Af þeim sökum leggur hópurinn til að í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða sem áætlanir eru um að leggja fram á 141. löggjafarþingi verði kveðið á um að skýrslugjöf og framlagning ályktunar skuli fara fram á tveggja ára fresti. Hópurinn telur jafnframt eðlilegt að kveða þessu til viðbótar á um að framlagning og skýrslugjöf skuli jafnframt fara fram við upphaf fyrsta starfsárs hverrar ríkisstjórnar.

9. Strandveiðar.

Á fundum trúnaðarmannahópsins ræddu meðlimir hópsins fyrirkomulag strandveiða og þá reynslu sem menn hefðu af þeim. Ýmis sjónarmið komu fram í umræðunum. Niðurstaða hópsins var að ekki lægju fyrir nægilegar upplýsingar um framgang strandveiða til þess að hægt væri að segja til um hvort þeim væri þannig fyrir komið að segja mætti að þau markmið sem stefnt var að hefðu náðst. Í ljósi þessarar niðurstöðu sendi trúnaðarmannahópurinn sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra bréf, dags. 20. ágúst 2012, þar sem óskað var eftir því að ráðherrann hlutaðist til um að unnin yrði fagleg og fræðileg úttekt á fyrirkomulagi og framgangi strandveiða. Jafnframt var óskað eftir því að úttektin yrði send öllum meðlimum trúnaðarmannahópsins og nefndarmönnum í atvinnuveganefnd við fyrstu hentugleika.

9.1 Athugasemd frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

Ég leyfi mér að benda á að Framsóknarflokkurinn hefur þegar lagt fram tillögur sem m.a. stefna að öflugri nýliðun í strandveiðum.

10. Nýtingarleyfi eða nýtingarsamningar?

Í 11. gr. frumvarpsins er í meginatriðum fjallað um inntak nýtingarleyfa. Þar segir m.a. að eigendum þeirra skipa sem ráða yfir aflahlutdeild bjóðist að staðfesta hjá Fiskistofu, með undirritun eða öðrum fullgildum hætti, að gangast undir leyfi til að nýta aflahlutdeild til 20 ára frá upphafi fiskveiðiársins 2012/2013 að telja. Tefjist veiting leyfis umfram frest þennan af ástæðum sem ekki varða stjórnvöld verði viðkomandi aðila óheimilt að nýta aflamark frá upphafi fiskveiðiársins 2012/2013. Aflaheimildum hans verði ráðstafað til flokks 2 hinn 1. desember 2012 hafi hann á þeim tíma ekki gengist undir leyfið.

Í nokkrum umsögnum var fundið að þessu fyrirkomulagi. Bent var á að áætlanir um útgáfu nýtingarleyfa stönguðust á við hugmyndir svokallaðrar sáttanefndar um sjávarútvegsmál frá árinu 2010. Í ofanálag var bent á, og sú ábending rökstudd með vísan til álits lögfræðinga, að þrátt fyrir að frumvarpsgreinin fæli orðum samkvæmt í sér tilvísun til gagnkvæms samkomulags um inntak nýtingarleyfa, þá væri erfitt að segja að samningar næðust í raun og veru. M.a. var bent á að þar sem ríkisvaldið stæði að baki leyfisveitingunni og leyfishafi hefði í raun ekkert val um hvort hann samþykkti að gangast undir skilyrði þess,

þar sem hann missti veiðiheimildir sínar ella, þá skorti á gagnkvæmni sem almennt einkennir samninga.

Á fundum atvinnuveganefndar voru nokkrir kostir nýtingarsamninga reifaðir og m.a. vísað til niðurstaðna auðlindanefndar frá árinu 2000 því til stuðnings. Á móti komu einnig fram vangaveltur um hve erfitt kynni að reyna að skapa slíkum samningum grundvöll í löggjöf auk þess sem ekki væri ljóst að hvaða marki stjórnun fiskveiða takmarkaðist væri samningaleiðin farin.

Trúnaðarmannahópurinn komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu hvað spurninguna um nýtingarleyfi eða nýtingarsamninga varðar.

10.1 Athugasemd frá Birni Val Gíslasyni og Kristjáni L. Möller.

Það er okkar álit að mun heppilegra sé að úthluta aflahlutdeildum á grundvelli nýtingarleyfa en með tvíhliða samningum handhafa ríkisvalds og handhafa veiðiheimilda. Ein meginröksemdin að baki breytingum á lögum um stjórn fiskveiða er að undirstrika og skýra frekar en áður með ótvíræðum hætti að fiskistofnar innan íslenskrar fiskveiðilögsögu teljist sameign íslensku þjóðarinnar og þeim verði aðeins ráðstafað af stjórnvöldum á grundvelli fullveldisréttar Íslands. Nauðsynlegt er að koma því skýrt á framfæri að um eignarhald á fiskveiðiauðlindinni verði ekki samið.

10.2 Athugasemd frá Einari K. Guðfinnssyni.

Kjarni þeirrar niðurstöðu sem náðist í sáttanefndinni, sem skilaði af sér álit í september árið 2010, fólst í innleiðingu svokallaðrar samningaleiðar sem gerð er grein fyrir hér að ofan. Frumvarpið felur í sér að þess í stað verði farin leið einhliða leyfisveitingar af hálfu framkvæmdarvaldsins. Það er mjög miður. Eðlilegast hefði verið að þróa samningaleiðina, leita fyrirmynda í annarri löggjöf sem þegar hefur verið sett og varðar sambærilegt fyrirkomulag við aðra auðlindanýtingu og vinna þannig í samræmi við þá almennu þverpólítísku niðurstöðu sem fékkst í starfi endurskoðunarnefndarinnar. Ljóst er að mikil óvissa mun fylgja þeirri leið sem farin er með einhliða leyfisveitingu ríkisvaldsins og ástæða til þess að hafa áhyggjur af áhrifum þessa á stöðu útgerða, jafnt til lengri sem skemmri tíma.

10.3 Athugasemd frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

Ég tel verulegan mun á „samningaleiðinni“ og þeirri leið sem útfærð er í frumvarpinu. Augljóst er af umsögnum hagsmunaaðila að engin sátt virðist í sjónmáli um það fyrirkomulag nýtingarleyfa sem boðað er í frumvarpinu. Af þeim sökum leyfi ég mér að setja fram þá tillögu að nú þegar boði ráðherra fulltrúa allra heildarsamtaka hagsmunaaðila innan sjávarútvegsins til samráðs þar sem rætt verði um hvaða meginþætti þeir telja eiga að liggja til grundvallar nýtingarsamningum. Fyrirmynd slíks samráðs mætti e.t.v. sækja til gerðar búvörusamninga, þar sem fulltrúar ríkisvaldsins og heildarsamtök bændastéttarinnar hafa í gegnum árin fundað og komið sér saman um meginþætti slíkra samninga.

Að mínu mati er óásættanlegt að leyfi til nýtingar sjávarauðlindarinnar séu gefin út í skjóli einhliða „yfírráða“ fulltrúa ríkisvaldsins eins gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Það á ekki síst við þegar kemur að framlengingu nýtingarleyfa og einhliða breytinga á leyfaskilmálum á gildistíma leyfis.

11. Aukning í flókki 2.

Í ákvæði til bráðabirgða II er lagt til að aflahlutdeildir fiskiskipa verði skertar varanlega um tiltekin prósent við upphaf fiskveiðiársins 2012/2013 og þeim heimildum ráðstafað í flokk 2.

Eins og fram hefur komið höfðu meðlimir trúnaðarmannahópsins ákveðið samhengi í huga í umfjöllun um einstök atriði frumvarpsins. Þannig var reynt að líta til áætlaðra heildaráhrifa gildistöku laga um veiðigjöld og ýmissa ákvæða frumvarpsins sem fyrirsjáanlegt mátti telja að hefðu takmarkandi áhrif í för með sér. Niðurstaða trúnaðarmannahópsins var að leggja til að nokkur ákvæði frumvarpsins verði ekki í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða sem áætlanir eru um að leggja fram á 141. lögjafarþingi eða þeim verði breytt. Um slíkar tillögur má lesa í köflunum hér að framan.

Þótt meðlimir trúnaðarmannahópsins hafi oft og tíðum verið sammála um tiltekin markmið ríkti ekki alltaf full sátt um hvaða leiðir skyldi fara til að ná þeim. Þó var komist að samkomulagi um að það magn sem færi í flokk 2 yrði fest í upphafi sem tiltekin tonnátala og yrði síðan hlutfall af úthlutuðu heildaraflamarki. Þannig ykist það magn sem færi í flokk 2 þegar aflamark eykst, en minnkði að sama skapi með lægra heildaraflamarki.

Hér í framhaldinu verður gerð grein fyrir áherslum einstakra meðlima trúnaðarmannahópsins í þessum efnunum.

11.1 Athugasemd frá Birni Val Gíslasyni og Kristjáni L. Möller.

Það er okkar álit að flokkur 2, önnur aflahlutdeild, eigi að verða föst hlutdeild af heildarafla. Þó verður einnig að tryggja að hlutfall heildarafla sem úthlutað verður til flokks 2 verði það hátt að markmiðum sem frumvarpið grundvallast á verði náð. Til að stuðla að því leggjum við til að magn aflahlutdeilda í flokki 2 verði það sama og úthlutað er nú til þeirra þátta sem undir flokkinn eru felldir en að við verði bætt því magni sem við bentum á hér að framan að væri nauðsynleg upphafsstaða kvótapiðs.

11.2 Athugasemd frá Einari K. Guðfinnssyni.

Almennt má segja að aðstæður til þess að gera breytingar á starfsumhverfi sjávarútvegsins með nýjum fiskveiðistjórnarlögum hafi versnað á síðustu mánuðum. Lögleiðing hás veiðigjalds verður fyrirsjáanlega mjög íþyngjandi fyrir greinina og stuðlar að erfiðari rekstri. Markaðsaðstæður hafa versnað hratt, verð á ýmsum afurðum hefur lækkað, sölutregða og lengri gjaldfrestir hafa veikt lausafjárstöðu fyrirtækjanna og mun það fyrirsjáanlega leiða til verri afkomu. Líklegt er að þetta auki samþjöppun í greininni og uppstokkun sem óljóst er hvaða afleiðingar hafi í för með sér. Tíminn sem nú fer í hönd mun því einkennast af óvissu. Við slíkar aðstæður er ekki á það bætandi að auka óvissu með pólitískum aðgerðum sem einnig munu skerða hag starfandi fyrirtækja í sjávarútvegi. Skynsamlegast væri því að leggja til hliðar áformin um verulegar breytingar á starfsumhverfi sjávarútvegsins við þessar aðstæður.

11.3 Athugasemd frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

Að mínu mati er skynsamlegt að staldra við og velta fyrir sér hvort hin síðari ár hafi þau markmið náðst sem legið hafa til grundvallar strandveiðum, skelbótum, byggðakvóta, línuívilnun og fleiri þáttum sem falla eiga undir flokk 2 samkvæmt frumvarpinu. Ég bendi á að Þóroddur Bjarnason hefur sett fram hugmyndir um úthlutun aflaheimilda með byggðaskilyrðingu. Mat mitt er að hugmyndir Þórodds séu líklegri til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að með frumvarpinu en þær leiðir sem frumvarpið boðar. Ég er hrifinn af hugmyndum Þórodds en bendi líka á að Framsóknarflokkurinn hefur lagt fram tillögur um að byggðakvóta verði úthlutað til fiskvinnslufyrirtækja í stað fiskiskipta til að stuðla að vinnslu í heimabyggð.

12. Almennar athugasemdir.

12.1 Athugasemd frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

Síðastliðið vor fundaði trúnaðarmannahópur fulltrúa stjórnmalaflokkanna um frumvörp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til laga um veiðigjöld og um stjórn fiskveiða. Skoðun mín er að nauðsynlegt sé að skoða efni þeirra í samhengi enda hafa ákvæði þeirra víxlverkandi áhrif. Margir umsagnaraðilar bentu á þetta augljósa samhengi, t.d. sérfræðingar atvinnuveganefndar, Daði Már Kristófersson og Stefán B. Gunnlaugsson, og Alþýðusamband Íslands.

Á þessum tímapunkti taldi ég verulega varhugavert að Alþingi afgreiddi frumvarp til laga um veiðigjöld án þess að afleiðingar gjaldtökunnar fyrir einstök fyrirtæki, flokka útgerðar-fyrirtækja og einstök landsvæði hefðu verið greind. Gagnrýndi ég harðlega þá aðferðafræði útreiknings og álagningar veiðigjalda. Í stuttu máli sagt taldi ég ófært að fyrirkomulag veiðigjaldafrumvarpsins yrði lagt til grundvallar við afmörkun og skattlagningu auðlindarentu.

Í vor náðist samkomulag milli meðlima trúnaðarmannahópsins um ákveðna meginþætti frumvarps til laga um stjórn fiskveiða. Fól það samkomulag m.a. í sér að lagt skyldi til við stjórnmalaflokkana að sæst yrði á að fella brott tiltekin ákvæði. Tillögur trúnaðarmannahópsins voru m.a. byggðar á spám um neikvæð áhrif ákvæðanna á arðsemi sjávarútvegs. Einnig byggðust þær á spám um neikvæðar þjóðhagslegar afleiðingar, þ.e. í ljósi áhrifa á möguleika sjávarútvegsfyrirtækja til að byggja upp starfsemi sína, minnkandi tækifærum til fjárfestingar í rekstrarfjármunum, áhrifa á þróun veiða og vinnslu, áhrifa á markaðssókn og áhrifa á getu þeirra til að greiða veiðigjöld í ríkissjóð.

Eitt vil ég nefna sérstaklega. Á vordögum gagnrýndi ég frumvarp til laga um stjórn fiskveiða þar sem mér þótti nýsköpun ekki gert nægjanlega hátt undir höfði. Ég hefði viljað að í frumvarpinu væri skýrt fjallað um nýsköpun, t.d. kæmu þar fram ákvæði þar sem fjallað yrði um stuðning við nýsköpun og fyrirkomulagi hans lýst. Í umræðum um sjávarútvegs málin á Alþingi settu framsóknarmenn fram tillögur um að veiðigjöld rynnu að meginstefnu í ríkissjóð en hluti hluti þeirra rynni þó beint til sveitarfélaga og til þróunar- og markaðsvinnu innan sjávarútvegsins. Byggðust þessar tillögur á eldri tillögum sem lagðar voru fram á 139 löggjafarþingi í formi þingsályktunartillögu en þar var fjallað um nýsköpun, þróun, bættu og fjölþættari nýtingu sjávarauðlindarinnar og nýjar leiðir í úthlutun til svokallaðra ferðaþjónustuveiða.

Í þessari greinargerð koma fram margar röksemdir sem trúnaðarmannahópurinn ræddi í vor. Í meginatriðum tek ég heilshugar undir áherslur hópsins. Þó ítreka ég að tiltekin atriði standa enn út af borðinu og ég hef gert sérstaka grein fyrir nokkrum þeirra í fyrri athugasemdaköflum.

Niðurlag.

Hér að framan hefur trúnaðarmannahópur stjórnmalaflokkanna reifað þau sjónarmið sem rædd hafa verið á fundum hans. Eins og fram hefur komið hefur hópurinn náð samkomulagi um ákveðin atriði. Um önnur atriði greindi meðlimi hópsins á.

Það athugast að efni greinargerðarinnar er afurð umræðu fjögurra fulltrúa tilnefndra af formönnum stjórnmalaflokka sem sæti eiga á Alþingi. Strax þegar hópurinn tók til starfa lá fyrir að meðlimir hans færu með takmarkað samningsumboð enda ljóst að skoðanir manna væru skiptar þegar að sjávarútvegsmálum kæmi. Engu að síður ákváðu þeir að ræða helstu atriði frumvarpsins með það í huga að kanna hve langt væri á milli skoðana þeirra. Í ljósi þessa skal það áréttað að efni greinargerðarinnar endurspeglar ekki nauðsynlega skoðanir stjórnmalaflokkanna eða flokkssystkina meðlima trúnaðarmannahópsins.